

Mánudaginn 26. október 1981.

Nr. 172/1980. **Guðni Aðalsteinsson**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur

(enginn)

og

ríkissaksóknara til réttargæslu

(Jónatan Sveinsson saksóknari).

Skaðabótakröfu í opinberu máli vísað frá héraðsdómi.
Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Með héraðsdómi 13. desember 1979, sem upp var kveðinn í sakadómi Ólafsfjarðar, var Inga Eyfjörð Sigurðardóttir sýknuð af kröfu ákærvalds um refsingu, og jafnframt var hún sýknuð af bótakröfu Guðna Aðalsteinssonar, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi. Sakarkostnaður var lagður á ríkis-sjóð.

Guðni Aðalsteinsson áfrýjaði þeim þætti héraðsdóms, sem lýtur að úrlausn um bótakröfu hans á hendur Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur, sbr. 2. málsg. 147. gr. laga nr. 74/1974, með áfrýjunarstefnu 19. september 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann þess, að héraðsdómi „verði hrundið að því leyti er tekur til skaðabótahliðar málsins“ og verði bótakröfu Guðna Aðalsteinssonar vísað frá héraðsdómi. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr ríkis-sjóði.

Stefnda hefur eigi sótt þing fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ríkissaksóknara var sótt þing fyrir Hæstarétti, en engar kröfur voru uppi hafðar af hans hendi.

Héraðsdómari sýknaði Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur af refsikröfu ákærvalds vegna íkveikju í bifreiðarskúr, er áfrýjandi, Guðni Aðalsteinsson, átti. Samkvæmt 146. gr., 3.

málsgr., laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 bar héraðsdómara að svo vöxnu að vísa skaðabótakröfu áfrýjanda á hendur stefndu Ingu frá héraðsdómi. Ber því að þessu leyti að taka til greina kröfu áfrýjandans Guðna hér fyrir dómi.

Í máli þessu verður eigi dæmt um kröfu um, að málskostnaður verði dæmdur úr ríkissjóði, enda er fyrirsvarmönnum ríkissjóðs eigi stefnt í málinu.

D ó m s o r ð:

Framangreindri kröfu áfrýjandans, Guðna Aðalsteinssonar, á hendur stefndu, Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur, er vísað frá sakadómi Ólafsfjarðar.

Dómur sakadóms Ólafsfjarðar 13. desember 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. nóv. sl., er höfðað af ríkis-saksóknara með ákæruskjali, útgefnu 13. ágúst 1979, á hendur Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur húsmóður, Hlíðarvegi 16 á Ólafsfirði, fæddri 2. ágúst 1936 á Akureyri, fyrir stórfelld eignaspjöll samkvæmt 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979 lagt eld í bílskúr Guðna Aðalsteinssonar, Hlíðarvegi 18 á Ólafsfirði, sem stóð vestan við hús Guðna, og gereyðilagðist bílskúrin, sem var skarklætt timburhús á steiptum sökkli, ásamt bifreiðinni Ó 235, tveim bifhjólum, tjaldvagni og margvíslegu lausafé öðru, sem geymt var í skúrnum, þannig að tjónið nam samanlagt 9.106.698 kr. samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Af hálfu lögmanns ákærðu er þess krafist, að ákærða verði sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og sér verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979, kl. 0305, barst lögreglunni í Ólafsfirði tilkynning um, að eldur væri laus í bílskúr við hús nr. 18 við Hlíðarveg, eign Guðna Aðalsteinssonar. Er lögreglan kom á staðinn, var bílskúrin alelda, en hann er úr timbri, flatarmál um 32 m², og stendur nokkra metra í vestur frá íbúðarhúsinu. Slökkvilið kom á staðinn innan 10 mínútna, og tók slökkvistarf um klukkustund. Skúr-

inn var þá allur fallinn. Flak af bifreið var í rústunum, einnig sást þar flak vélhjóls og tjaldvagns. Allt annað, sem í skúrnum hafði verið, virtist ónýtt.

Síðast gekk um skúrinn sonur húsráðanda, 16 ára gamall, Birgir Guðnason. Var það um kl. 2330 kvöldið fyrir brunann. Setti hann vélhjól sitt og skíðaútbúnað inn fyrir bílskúrshurðina á suðurgafli skúrsins. Ekki kvaðst hann hafa haft eld um hönd né farið neitt um skúrinn. Lokaði hann síðan skúrnum tryggilega.

Eldsupptök voru óljós, en eiganda skúrsins virtist eldur vera mestur í norðvesturhorni skúrsins, er hann kom að, en þar var gluggi með brotnu gleri, og fyrir gatinu var einangrunarplast.

Raflögn var í skúrnum. Leitað var álots Ara Eðvaldssonar rafvirkjameistara á því, hvort kviknað hefði í út frá rafmagni.

Taldi hann það útilokað. Raflögn væri öll í plaströrum og dós-um og auk venjulegra öryggja svokallaður lekaleiðir á kerfinu, sem væri þannig gerður, að neistahlaup ætti ekki að geta átt sér stað.

Við athugun á vettvangi og nágrenni hans kom í ljós slóð fótspora, sem lágu að og frá umræddum glugga á skúrnum.

Slóð þessi lá að húsi nr. 16 við Hlíðarveg og virtist liggja að dyrum austan á því húsi. Í þessu húsi bjuggu hjónin Frank Herlufsen og ákærða.

Spor þau, sem áður er getið, kveður lögreglan vera um 28 cm löng, 9 cm breið í hæl og 10.5 cm í tá. 6—7 grófar rifflur framan til og 4 í hæl, sem slitnar voru sundur um miðju.

Lögreglumennirnir Sigurður Björnsson og Stefán Einarsson börðu að dyrum að húsi nr. 16 við Hlíðarveg. Ákærða kom til dyra, klædd náttkjól og sjáanlega töluvert ölvuð. Ekki vildi hún koma á lögreglustöðina og ræða við lögreglu og kvaðst að fyrra bragði ekkert vita um eldsupptök í bílskúrnum. Kvaðst hún vera nývöknuð. Til húsbóndans sást ekkert, en ákærða taldi vænlegra að tala við hann. Var mál hennar ruglingslegt.

Guðni Aðalsteinsson, Hlíðarvegi 18, gaf skýrslu hjá lögreglu um 2 klst. eftir að tilkynnt var um brunann. Kvað hann ákærðu hafa komið á heimili sitt um kl. 1800 kvöldið fyrir brunann og óskað eftir, að farið yrði fyrir hana í verslun til að kaupa rafhlöður. Kona sín hafi sent son þeirra fyrir hana. Kvað hann ákærðu svo hafa komið aftur í heimsókn um kl. 1830 og hafi hún þá óskað eftir því, að sér yrði ekið heim til séra Úlfars Guðmundssonar, þar sem eiginmaður hennar væri búinn að vera

drukkinn í heila viku og þyrfti hún að fá aðstoð prestsins. Sagði Guðni, að ákærða hefði verið alldrukkinn. Þá sagði hann, að ákærða hefði spurt sig, hvort hann væri nokkuð vondur út í hana. Sagðist hann hafa sagt við hana, að raunar væri hann það, því slíkt ónæði, sem þau væru búin að gera sér og fjölskyldu sinni, væri orðið óþolandi. Að þessu loknu fór ákærða heim til sín, en Guðni kvaðst hafa farið á fund niður í Tjarnarborg, en þar hafi hann fengið skilaboð frá konu sinni að koma heim strax, þar sem eitthvað væri að. Var þá klukkan 2030.

Kvaðst hann hafa farið heim og með sér hafi farið séra Úlfar Guðmundsson til að huga að ástandi á heimilinu, sem ekki var búið að vera alltof gott undanfarið sökum ölvunar.

Guðni sagði, að er hann kom heim, hafi sonur sinn, Birgir, sagt sér, að eiginmaður ákærðu, Frank Herlufsen, hefði kallað í sig og beðið sig fyrir skilaboð til sín þess efnis, að hann ætlaði að koma í heimsókn til að „slíta af mér hausinn“, eins og hann mun hafa orðað það.

Sagði hann, að séra Úlfar hefði dvalið hjá þeim hjónum alllengi og hann hafi heyrt frá öðrum, að hann muni ekki hafa farið þaðan fyrr en kl. 0030.

Rétt fyrir kl. 0300 hafi kona sín vakið sig og sagt sér, að bíl-skúrin stæði í björtu báli. Í sama mund og hann var kominn í fötin, var bankað á forstofudyr hússins, en enginn var fyrir utan, er opnað var. Hann hafi hins vegar tekið eftir nýjum förum í snjónum, sem lágu frá dyrunum og að húsi ákærðu. Guðni kvaðst þá hafa farið að kalla út slökkviliðið, en á meðan hafi ákærða verið fyrir utan húsið og kallað upp, að skúrin væri að brenna. Þá sagði hann, að búið hefði verið að kalla á lögreglu, sem kom á staðinn skömmu síðar.

Guðni kvaðst telja, að ákærða hefði kveikt í skúrnum, og byggi grunsemdir sínar á því, að hann hefði séð spor frá húsi hennar og að skúrnum og að glugga, sem var á norðvesturhlið skúrsins, en rúða í þeim glugga var brotin, að hann telur af völdum ákærðu nú sl. sumar. Kvaðst hann hafa verið búinn að setja einangrunarplast í gatið.

Krafðist Guðni þess, að mál þetta yrði rannsakað eftir mætti og reynt að komast að hinu sanna. Hann tók fram, að hann gæti ekki fullyrt, að íkveikja hefði átt sér stað af völdum ákærðu.

Hann sagði, að í skúrnum hefðu verið mikil verðmæti, og voru þau helst þessi: Bifreið, sem faðir hans átti, Morris Marina, árg. 1974, tjaldvagn, Suzuki létt bifhjól, skíðaútbúnaður, 4 sett,

tjöld, 3 stk., bakpokar, nýr barnavagn, matvæli ásamt ýmsu öðru, sem fellur til á heimilum.

Kvaðst Guðni vera með heimilis- og húseigandatryggingu hjá Hagtryggingu h/f.

Sama dag, kl. 1000, var ákærða yfirheyrð af lögreglunni í Ólafsfirði. Kvaðst hún hafa komið á heimili Guðna Aðalsteins-sonar að Hlíðarvegi 18 rétt fyrir kl. 1800 daginn áður og beðið um, að farið yrði í búð fyrir sig eftir rafhlöðum, en hún hafi verið undir áhrifum áfengis og ekki verið í ástandi til að fara sjálf.

Var orðið við beiðni hennar og hún farið heim án langrar viðdvalar. Skömmu fyrir kl. 1900 hafi hún komið aftur á heimili Guðna og þá hitt hann sjálfan að máli. Kveðst hún hafa spurt Guðna, hvort hann væri sér á einhvern hátt reiður og hvort ekki væri rétt, að þau væru sátt. Guðni hafi svarað því til, að hann kærði sig ekki um að þekkja svona nágranna eða hyski. Fleira hafi þeim ekki farið á milli, en þá hafi Hilmar Tryggvason, Hornbrekkuvegi 13, komið þarna. Hún hafi beðið Hilmar að koma skilaboðum til séra Úlfars Guðmundssonar um að koma til sín og ræða við þau hjónin, þar sem eiginmaður sinn væri búinn að vera með víni í langan tíma.

Fór hún síðan heim.

Séra Úlfar kom síðan um kl. 1915 og dvaldi hjá þeim til kl. 0045. Var ákærða þá spurð um ferðir sínar og gerðir frá þeim tíma, að séra Úlfar fer og þangað til að hún verður eldsins vör. Sagði hún, að maður sinn hefði sofnað í stól í stofu, skömmu eftir að séra Úlfar fór, en hún hafi hins vegar sest niður í sófa og fengið sér í glas. Kveðst hún hafa setið þarna í myrkrinu þar til kl. 0200, þó að hún muni það ekki nákvæmlega, þá hafi hún opnað stofuglugga til að hleypa inn fersku lofti. Enn hafi hún sest niður, en þá hafi hún heyrt eitthvert snark úti fyrir.

Hún hafi farið að huga að þessu og þá tekið eftir óeðlilegri birtu, en haldið, að það stafaði frá ljósastaur. Hún sagðist hafa fundið einhverja lykt og séð reyk, sem lagði yfir hús hennar. Að þessu athuguðu settist hún enn niður og fékk sér í glas og leit út um gluggann og þá séð eldtungur upp úr þaki á skúrnum, sem var þá að verða alelda. Fór hún nú í úlpu og kuldaskó og hljóp niður að bílskúrnum, sem var að verða alelda, til að gá, hvað um væri að vera. Þá hafi hún farið heim til sín til að vekja eiginmann sinn, en hann hafi ekki vaknað. Síðan segist hún hafa farið úr kuldastígvélum sínum frammi í þvottahúsi,

en að því búnu farið í kuldastígvél eiginmanns síns og hlaupið að húsinu til að láta fólkið vita, að kviknað væri í skúrnum. Hafi hún bankað á aðaldyr hússins og kallað til húsmóðurinnar, að bílskúrin væri að brenna. Ekki kom neinn til dyra.

Fór hún síðan heim á ný. Kveðst hún hafa verið hrædd, en fylgst með því, sem var að gerast, út um glugga hjá sér. Þá kveðst hún gera sér grein fyrir, að lögreglan hafi komið að úti-dyrum hússins og beðið hana að koma á stöðina, en hún hafi neit-að og sagt, að eiginmaður sinn gæti sagt til um það. Segir hún, að eiginmaður sinn hafi vaknað, eftir að lögreglan fór.

Aðspurð um það, hvers vegna hún hafi farið að skúrnum, eftir að hún varð vör við, að eldtungurnar stóðu upp um þakið á honum, segist hún hafa orðið yfir sig hrædd og hlaupið niður að skúrnum og síðan heim aftur til að segja eiginmanni sínum frá eldinum, en eiginmaðurinn vaknaði ekki.

Þá var ákærða spurð að því, hvers vegna hún hafði skóskipti, áður en hún tilkynnti eldinn. Segist hún hafa verið komin úr hinum skónum og léttara hafi verið að fara í skó eiginmanns-ins heldur en sína skó, en önnur skóför voru frá húsi ákærðu að húsi Guðna, en þau för, sem lágu að skúrnum.

Þá var ákærða spurð að því, hvers vegna skór þeir, sem hún fór úr í þvottahúsi, hafi verið komnir inn í hol, er lögreglan kom. Sagði ákærða, að eiginmaður sinn hlyti að hafa fært þá. Þá var hún spurð að því, hvort hún ætti einhvern þátt í, að eldur varð laus í skúrnum, en hún þvertók fyrir það.

Rannsóknarlögregla ríkisins hóf rannsókn í málinu. Sama dag kom ákærða þá í yfirheyrslu. Staðfesti hún fyrri skýrslu sína og kvaðst engu hafa við hana að bæta og hún væri saklaus af íkveikjuákærunni.

Sama dag var eiginmaður ákærðu, Frank Herlufsen, yfirheyrður af lögreglu. Hann kvaðst kvöldið áður hafa verið við áfengis-drykkju ásamt eiginkonu sinni, ákærðu, og um kl. 2030 kom til þeirra séra Úlfar Guðmundsson. Úlfar var hjá þeim góða stund, en ekki var hann viss um, hvenær Úlfar fór. Sagðist hann ekkert hafa verið að fylgjast með tímanum og auk þess verið undir áfengisáhrifum, þó ekki mikið. Eftir að Úlfar fór, fékk hann sér áfengi í glas, gætu verið fleiri en eitt, og sofnaði síðan um kl. 0200, að því hann telur, og var ákærða þá komin upp í rúm, en var vakandi. Hann kvaðst hafa sofnað fljótlega og muni það næst, að hann vaknaði um morguninn, en gerði sér ekki grein fyrir, hvað klukkan var þá. Varð hann var við umgang

úti fyrir og sá mann með vasaljós, og einnig telur hann sig hafa séð gul blikkljós.

Er hann fór að aðgæta betur, hvað væri að gerast, og leit út um stofugluggann, virtist honum sem bílskúrin hjá Guðna væri brunninn, þannig að sást í gegnum hann. Hann sagði, að ákærða hefði verið töluvert ölvuð, er hann fór að sofa. Ekki kvað hann neitt hafa raskað svefnró sinni, frá því hann sofnaði og þar til hann vaknaði, eins og áður sagði.

Guðni Aðalsteinsson kom aftur í yfirheyrslu hjá lögreglu 3. mars. Hann kvaðst telja víst, að eldsupptökin hefðu verið í norð-vesturhorni skúrsins fyrir innan glugga á vesturhlið við norðurhornið. Rúðan í þeim glugga var brotin, og hafði hann sett einangrunarplast fyrir að innanverðu, til að ekki snjóaði inn. Það hafi verið auðvelt að ýta plastinu inn, þar sem það var bara lagt fyrir. Undir glugganum hafi verið mótór úr skellinöðru ásamt fleira dóti, og rétt fyrir norðan gluggann var tjaldvagn upp á rönd.

Er hann var að kanna möguleika á að bjarga einhverju úr skúrnum, tók hann eftir förum í snjónum, sem lágu frá brotna glugganum og að húsi nr. 16 við Hlíðarveg. Hann kvaðst ekki hafa skoðað förin nákvæmlega, því hann hefði hraðað för sinni á slökkvistöðina. Lögreglan hafi komið skömmu á undan slökkviliðinu. Þegar slökkviliðið byrjaði slökkvistarfið, féll þakið, enda þá allt brunnð, er brunnð gat, og lauk slökkvistarfi um kl. 0400. Bílskúrin stóð á lóðinni fyrir vestan hús mitt (sic), og var hann byggður fyrir ca 6 árrum, úr timbri og einangraður að innan með plasti og spónaplötur á veggjum að innan. Járn var á þaki, en einangrað með plasti, og trétex að neðan. Það voru rafleiðslur í skúrnum, sem lagðar voru í plaströr. Það voru 3 ljós í lofti, tvær innstungur á norðurvegg, ein á austurvegg ásamt slökkvara og ein innstunga á austanverðum suðurvegg. Það var einn miðstöðvarofn í skúrnum, og var hann við austurvegg, tengdur við frárennsli frá íbúðarhúsinu. Það voru öll ljós í skúrnum slökkt um kvöldið og ekkert rafmagnstæki í sambandi.

Guðni kvaðst ekki hafa gefið tæmandi upptalningu á því, sem var í skúrnum. Kvaðst hann eiga erfitt með að átta sig á því tjóni, sem hann hefur orðið fyrir af völdum brunans. Hann kvað sér ekki enn vera kunnugt um, hvernig tryggingum á því, sem þarna brann, væri háttað, en víst sé, að bifreiðin, sem hafi verið eign föður síns, hafi verið ótryggð. Hins vegar hafi hann verið með húseiganda- og heimilistryggingu.

Aðspurður kvaðst hann hafa séð þau hjónin, ákærðu og Frank Herlufsen, í stofuglugganum á suðurhliðinni, meðan á slökkvistarfinu stóð, en sá þau hins vegar ekki koma út.

Sama dag var yfirheyrður af lögreglu Birgir Guðnason, Hlíðarvegi 18, fæddur 20. ágúst 1962. Hann kvaðst hafa komið heim úr vinnunni fimmtudagskvöldið 1. mars 1979, laust fyrir kl. 1900. Kom hann að bakdyrum að vestanverðu heima hjá sér.

Tók hann þá eftir, að Frank Herlufsen kallaði til sín, en Frank var í gættinni á svalahurð á suðurhlið húss síns. Bað hann Birgi að skila því til föður síns, „að hann ætlaði að koma til hans eftir 10 mínútur og slíta af honum hausinn“. Taldi Birgir Frank vera talsvert ölvaðan. Fór Birgir í bíó um kvöldið, en um kl. 2330 kom hann heim og setti þá skellinöðru sína inn í bílskúrinn og einnig skíði bróður síns. Kveikti hann ljós í skúrnum, á meðan hann var að setja hjólið inn, en hann gangsetti það ekki. Hann kvaðst ekki reykja og hafa því ekki verið með óvarinn eld. Birgir sagði, að skellinaðran hefði verið búin að standa fyrir utan húsið í viku og ástæðan fyrir því, að hann setti hana inn svo og skíðin, væri sú, að þau hjón, ákærða og Frank, voru drukkin og hann gæti átt von á öllu frá þeim. Þá kvaðst hann ekki hafa þorað að láta bifreið sína standa fyrir utan, eins og hann geri venjulega, og af sömu ástæðum farið með hana að verkstæði föður síns.

Laust fyrir hádegi 3. mars 1979 fóru rannsóknarlögreglumennirnir Sigurður V. Benjamínsson og Sveinbjörn Bjarnason að Hlíðarvegi 16. Þar fyrir utan fundu þeir sorppoka, og var í honum lillablá kvenpeysa, og angaði hún af bensíni eða olíulykt. Var pokinn hreinn og þurr og virtist hafa legið þarna skamma stund.

Sama dag kom ákærða til yfirheyrslu hjá lögreglu. Sagðist hún hafa sett peysuna í plastpokann sl. sunnudagskvöld eða aðfaranótt sl. mánudags. Þegar þau hjón hefðu komið frá Akureyri sl. sunnudagskvöld, hefði verið megn kattarhlandslykt í þvottahúsinu. Þess vegna hefði hún um kvöldið eða nóttina, eftir að hún var byrjuð að neyta áfengis, þvegið gólfið í þvottahúsinu, fyrst úr sápuvatni, en síðan hafi hún bleytt peysuna með bensíni, að hún taldi, sett hana á gólfið og rennt yfir það með kústi. Að þessu loknu hafi hún sett peysuna í plastpokann og sett hann út fyrir dyrnar. Var ákærðu þá bent á, að sorppokinn hefði verið tekinn sl. fimmtudag og annar tómur settur í staðinn, þannig að saga hennar fengi ekki staðist. Sagði hún þá, að

þetta væri misminni hjá sér, því hún hefði gert þetta sl. fimmtudag, en hvenær dagsins, mundi hún ekki. Er henni var bent á, að peysan bæri þess ekki merki, að hún hefði verið notuð til gólfþvotta, því engin óhreinindi sæjust á henni, taldi ákærða það stafa af því, að hún hefði þvegið gólfið svo vel áður, en gólfið er steingólf.

Ákærða kom fyrir sakadóm Ólafsfjarðar 3. mars 1979. Kvaðst hún aðspurð ekki hafa valdið bruna bílskúrs að Hlíðarvegi 18.

Sagðist hún hafa hlaupið að skúrnum í einhverri skelfingu, er hún varð eldsins vör, en þó vera viss um að hafa komið að norð-austurhorni hans, en henni var bent á, að spor eftir sams konar stígvél og hún notar lágu að norðvesturhorni skúrsins.

Þá kvað hún eiginmann sinn, Frank, ekki hafa vaknað, fyrr en lögreglan kom og hringdi, sem var um klukkutíma eftir að hún gerði aðvart um eldinn. Ákærða kvaðst hafa sagt manni sínum frá ummælum Guðna Aðalsteinssonar um, „að ekki væri hægt að þekkja svona hyski eða eitthvað í þá áttina.“

Þá kvað hún séra Úlfar Guðmundsson hafa komið til þeirra um kl. 2030. Þau hjón hafi bæði verið með í glösum, er séra Úlfar var hjá þeim. Sofnaði Frank í stól í stofunni og vaknaði ekki aftur, fyrr en lögreglan hringdi. Ákærða kvað sig hafa séð, að skip fór út úr höfninni um kl. 0200 og var mikið upplýst. Um kl. 0240 kvaðst hún hafa heyrt, auk hljóðs úr sprunginni vatnsleiðslu fyrir neðan húsið, eitthvert annað hljóð, sem gæti hafa verið brestir eða snark. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við mannaferðir þarna fyrir neðan eða vestan við húsin.

Ítrekað aðspurð kvað hún brunann ekki vera af sínum völdum eða hún hefði framkvæmt íkveikju í æsingi, heldur hafi hún verið róleg þarna og í góðu jafnvægi. Þá kvað hún sig hafa sent séra Úlfari boð um að koma, til þess að þau gætu frekar hætt vındrykkju, en samkomulag þeirra hjóna hafi verið gott þá, þótt Frank hafi slegið sig, eftir að hann vaknaði, þannig að hún fékk sprungna vör, en hann hafi vaknað illa og höggið stafað af úrillsku hans. Þá kvað hún Frank hafa sofið í stofustólnum og ekki séð sjálfan brunann.

Að öðru leyti skýrði ákærða frá eins og við yfirheyrslu lögreglu. Samþykkti ákærða í lok þinghaldsins, að fara mætti fram húsrannsókn á heimili sínu að Hlíðarvegi 16. Fundu rannsóknar-lögreglumenn þar í geymslu hvítan plastbrúsa, sem ákærða sagði, að bensín væri í, og sagðist hún hafa vætt peysuna úr innihaldi hans. Nokkur lögg var í brúsanum, sem ákærða hafði sagt, að

væri í þvottahúsinu, en ekki í geymslunni. Auk þess fundu lögreglumennirnir rauðan brúsa merktan steinolíu með nokkru magni í og annan rauðan merktan terpentínu. Allir þessir brúsar voru teknir í vörslu lögreglunnar, sem sendi þá til rannsóknar á innihaldi þeirra. Við húsrannsóknina kom í ljós, að íbúðin að Hlíðarvegi 16 var öll mjög ósnyrtileg og illa hirt og bar merki mikillar óreiðu. Í þvottahúsi var m. a. fiskúrgangur á gólfi og ekki betra ástand en annars staðar í húsinu.

Þann 3. mars könnuðu rannsóknarlögreglumennirnir vettvang og sáu, að undir glugga á norðvesturhlið bílskúrsins var fótstykki, þ. e. timburbiti 2x4", brunnið alveg að steingólfinu, og megi því ætla, að eldsupptök hafi orðið þar. Tóku þeir sýni úr nefndu fótstykki og sendu til frekari rannsóknar.

Séra Úlfar Guðmundsson var yfirheyrður af lögreglu 3. mars.

Kvaðst hann hafa komið heim til ákærðu fimmtudaginn 1. mars laust eftir kl. 2000 eftir að hafa fengið skilaboð um að koma.

Dvaldi hann hjá þeim hjónum þar til um kl. 2400. Gat hann þess, að um leið og hann var að fara, gekk hann suður fyrir húsið og að stofuglugga á vesturhlið og sótti þangað úlpu af ákærðu, sem þar lá. Voru hjónin þá bæði ölvuð, er séra Úlfar var í húsinu.

Sama dag var aftur yfirheyrður af lögreglu Frank Herlufsen, eiginmaður ákærðu. Hann kvaðst hafa verið drukinn heima hjá sér fimmtudaginn 1. mars ásamt ákærðu. Hann kvaðst ekki hafa vitað, að ákærða fór að Hlíðarvegi 18, en minnir, að hún hafi sagt sér, að hún hefði hitt Guðna Aðalsteinsson og viljað friðmælast við hann, en hann ekki viljað það. Frank kvaðst hafa reiðst þessu og einhvern tíma um kvöldið, er hann var í svaladyrunum í stofunni og sá Birgi, son Guðna, koma heim til sín, kallaði hann í Birgi og bað hann að skila því til föður síns, „að hann ætlaði að koma og slíta af honum hausinn.“ Hann kvaðst ekkert hafa meint með þessari orðsendingu.

Frank kannaðist við að eiga plastbrúsa, hvítan að lit, sem átti að vera í geymslu heima hjá honum, og í honum bensín á garðsláttuvél. Hann kannaðist ekki við að eiga steinolíu eða White spritt heima, en það gæti hugsast, að hann ætti terpentínu og þá á flösku eða rauðum plastbrúsa.

Þá var honum sýnd fjólublá kvenpeysa, og kannaðist hann ekki við, að kona sín ætti hana, og kvaðst ekki hafa séð hana áður, svo hann myndi. Ekki kvaðst hann kannast við að eiga neinn aukasorppoka né vita, hvenær sorpið var tekið seinast.

Ekki kvaðst hann minnast þess, að er þau hjónin komu frá Akureyri sl. sunnudagskvöld, hafi verið óeðlileg kattarlykt í þvotta húsinu, enda sé köttur þeirra þrifinn og mígi alltaf utandyra. Þá kvaðst hann ekki hafa orðið var við, að ákærða þrifi þvotta húsið, er þau komu heim í umrætt sinn.

Yngvi Guðmundsson sorphreinsunarmaður kvaðst hafa tekið sorp frá húsinu Hlíðarvegi 16 kl. 1400 fimmtudaginn 1. mars. Var það sorppoki, og var annar tómur skilinn eftir, sem hann henti inn í forstofu. Ekki muni hann eftir að hafa afhent þar aukapoka í seinni tíð. Hann sagðist alltaf hirða alla poka, hvort sem þeir væru fullir eða ekki, þegar hann væri að hreinsa.

Hann sagðist muna tímann svona nákvæmlega, vegna þess að þetta hefði verið seinasta húsið í bænum, sem hann tók poka frá, áður en hann fór með ruslið á haugana.

Sigurður Björnsson lögreglumaður, Ólafsfirði, kvað sporin frá bílskúrnum og að Hlíðarvegi 16 vera eftir skó (kuldaskó), sem ákærða var í, er hún kom til yfirheyrslu á lögreglustöðina í Ólafsfirði morguninn eftir brunann. Hann kvaðst hafa verið fyrst í stað við umferðarstjórn hjá bílaverkstæðinu Múlatindi, meðan á slökkvistarfinu stóð. Svo kvaðst hann muna eftir að hafa farið upp að skúrnum, áður en slökkvistarfi var lokið, og séð þá Frank í glugganum á stofunni, sem snýr í suður, og tók hann gluggatjöldin frá, en dró þau fyrir aftur. Þá var slökkt í stofunni, en birtan frá eldinum lýsti upp gluggann. Frank var þá klæddur. Hann þorði ekki að fullyrða, hvort hann sá ákærðu þá, en sá hana í glugganum af og til síðar.

Hann kvaðst hafa athugað sporin í snjónum, sem lágu frá húsinu Hlíðarvegi 16, milli húsanna, og enduðu þau á móts við norðvesturhorn bílskúrsins, en snjórinn hafði þiðnað vegna hitans næst skúrnum. Sigurður kvaðst hafa gert þessa athugun ásamt Stefáni Einarssyni lögregluvarðstjóra og hafi þeir mælt sporin, eins og fram komi í skýrslu sinni. Þá hafi hann athugað sporin, sem lágu frá Hlíðarvegi 16 og að húsi nr. 18, þ. e. a. s. að austanverðu. Voru þau stærri og eftir aðra tegund af sólum. Kvað hann það hafa getað verið á tímanum frá kl. 0430 til 0500, að þeir Stefán fóru að Hlíðarvegi 16 til að tala við ákærðu, og kom hún til dýra á náttkjól, áberandi drukkin. Vildi hún ekki koma með þeim og sagði, að það væri nær, að þeir töluðu við Frank, en hún byrjaði að segja þeim frá því, að hún vissi ekki um upptök eldsins, áður en þeir höfðu minnst á erindið. Þá sagði hún, að hún vildi fá leyfi Franks til að koma með þeim, og

kallaði hún inn til hans, en Sigurður minnst þess ekki, að hann hafi svarað.

Sigurður kvað bílskúrinna hafa verið alelda, er lögreglan kom á staðinn, þannig að ómögulegt hafi verið að segja til um eða álykta um eldsupptök. Hann kvaðst hafa orðið eftir á brunastað um kl. 0500, er Guðni Aðalsteinsson og Stefán Einarsson varðstjóri fóru á lögreglustöðina, og var hann þar til kl. 0700 og gekk þá alltaf af og til að húsi nr. 16. Öðru hverju varð hann var við ljósagang í húsinu og sá þau bæði, þar sem þau sátu í stofunni, og í einu tilfellinu sá ég (sic) hann fara inn í eldhús og blanda sér í glas, og mun það hafa verið um kl. 0530. Þegar klukkan var að verða 0700 hvarf öll hreyfing.

Ákærða var þá að nýju yfirheyrð. Sagðist hún þá vera viss um að hafa þvegið gólfíð í þvottahúsinu á sunnudagskvöldið eða nóttina, en það megir vera, að hún hafi ekki sett peysuna í pokann fyrr en síðari hluta dags sl. fimmtudag. Hún kvaðst hafa notað úr hvíta plastbrúsanum vökva, sem hún taldi, að væri bensín, til að væta peysuna í og þvo gólfíð með.

Fyrir dómi gerði Frank Herlufsen þær athugasemdir við skýrslu sína fyrir lögreglu, að hann hefði ekki komið í þvottahúsið, er þau komu frá Akureyri sl. sunnudagskvöld, og geti því ekki sagt um, hvort kattarlykt hefði verið þar, þá kvaðst hann ekki hafa munað eftir því að hafa reiðst út af undirtektum Guðna við tilraunum konu sinnar til að friðmælast, fyrr en hann var minntur á það.

Sigvaldi Sæmundsson, Brimnesvegi 24, gaf skýrslu hjá lögreglunni í Ólafsfirði 4. mars. Kvað hann ákærðu hafa komið til konu sinnar sl. miðvikudag 21. febrúar og beðið hana að gefa ketti, sem hún á, að éta. Sigvaldi sagði, að kona sín hefði verið lasin og ekki getað sinnt þessu, en hann hafi farið sjálfur og gefið kettinum. Segist hann hafa farið á hverjum degi, þ. e. fimmtud. 22. febr. til og með sunnudegi 25. febrúar, og var það í seinasta skiptið, sem hann fór að Hlíðarvegi 16 til að gefa kettinum. Ástand í þvottahúsinu kvað hann hafa verið gott, þ. e. hreinlegt. Ekki sagðist hann hafa fundið neina kattarhlandslykt í þvottahúsinu og ekki hafi hann orðið var við aðra ketti þar inni. Sagði hann, að gluggi í þvottahúsinu hefði verið opinn kötturinn hafi komið út og inn um hann. Þá sagði hann, að ákærða hefði ekki komið heim til þeirra undir áhrifum áfengis og aldrei hafi hún verið með neitt sérstakt umtal um einn né neinn.

Í bréfi Sigurðar Björnssonar lögreglumanns til rannsóknar-lögreglu ríkisins, sem er dagsett 8. mars 1979, segir: „Þá hafa verið kannaðar sögusagnir um, að Inga Eyfjörð hafi haft á orði við nágrannafólk sitt, að réttast væri að brenna bílgeymsluna.

Talað hefur verið við fjölda fólks, en enginn kannast við slík ummæli.“

Með bréfi, dags. 7. mars 1979, sendir rannsóknarlögregla ríkisins Jóhanni Jakobssyni efnaverkræðingi til rannsóknar: 1. Þrjá brúsa með vökva, 2. kvenpeysu vætta vökva, 3. brunaleifar.

Eftirfarandi svara er leitað: 1. Hvað er í hverjum brúsa? 2. Er kvenpeysan vætt vökva úr einhverjum meðfylgjandi brúsa, eða réttara sagt vökva samsvarandi þeim? 3. Er að finna í brunaleifunum vökva, sem gæti verið úr einhverjum meðfylgjandi brúsa og þá hverjum?

Í svari Jóhanns Jakobssonar, sem dagsett er 15. mars 1979, segir: „Niðurstöður.

I. Plastbrúsi, hvítur. (ca 10 l).

Vökvi: 430 ml ljósgulleitur, aðeins skýjaður, lykt, bensín. Ath. Niðurstöður mælinga eru einkennandi fyrir bensín. (mótor-bensín).

II. Rauður plastbrúsi, ca 3 l.

Vökvi: ca 2 l. Vökvi tær gul-grænleitur. Lykt: steinolía. Ath. Niðurstöður mælinga eru einkennandi fyrir steinolíu. (Kerosin). Litur vökvans er þó annarlegur.

III. Rauður plastbrúsi, ca 1/2 l.

Vökvi, 290 ml. Vökvi daufgulleitur. Lykt „White-spirit“ (þynnir).

IV. Peysa.

Peysan er talin vera vætt í vökva eða vökvum þeim, sem að ofan greinir. Lykt bendir greinilega til þess, að peysan sé vætt í „White-spirit“, þ. e. þynni, vökvi nr. III hér að ofan.

V. Brunaleifar.

Lyktareinkenni óljós. Skolun með vatni og athugun á einkennum við upphitun sýndi ekki merki um filmu né heldur var lykt einkennandi fyrir ofangreinda vökva merkjanleg.“

Með úrskurði þann 22. mars 1979 var ákærðu gert að sæta geðrannsókn.

Í álitinu, dagsettu 3. apríl 1979, telur Brynjólfur Ingvarsson, sérfræðingur í geðlækningum, ákærðu vera sakhæfa.

Að beiðni lögreglustjórans í Ólafsfirði voru þann 9. mars 1979 dómkvaddir 2 matsmenn til að meta tjón, er varð við brunann á bílskúrnunum að Hlíðarvegi 18, og að gefa álit um aðstæður á brunastað og útbreiðslumöguleika elds. Eru niðurstöður matsins þessar og álitargerð:

„I. Verðmætatjón samanlagt kr. 9.106.698.

II. Útbreiðslumöguleikar. Hætta fyrir menn og muni.

II. 1.) Veður og aðstæður.

Undirritaðir voru meðal þeirra allra fyrstu, sem komu á brunastað. Veður var gott, suð-vestan andvari og 8—10 stiga frost. Um 80 cm snjólag var á jörðu. Mikill eldur var þá í bílgeymslunni, sem stóð 10 m frá íbúðarhúsinu Hlíðarvegur 18.

II. 2.) Við þessar aðstæður verður að telja litlar líkur á, að eldur næði til annarra húsa en nr. 18. Hvössu veðri hefði þó fylgt aukin útbreiðsluhætta, en varla veruleg fyrir önnur hús en nr. 18. Meðan eldur var mestur í bílgeymslunni, var nokkur hætta á, að hann næði til þess húss. Mikill hiti varð á milli húsa, svo ekki varð gengið þar á milli. Af völdum hitans sprangu tvær stórar rúður í gluggum íbúðarhússins. Þá má einnig telja, að hætta hafi verið á benzínsprengingu í benzíngeymi bifreiðarinnar, sem í bílgeymslunni var. Hefði slík sprenging orðið, var eldhætta mjög mikil í íbúðarhúsinu, en þá má búast við, að rúður hefðu sprungið inn.

Undirritaðir telja, að ekki hafi verið hætta á manntjóni.

Ólafsfirði 14. marz 1979.

Sigurður Björnsson.

Olgeir Gottliebsson.“

Af hálfu Guðna Aðalsteinssonar, Hlíðarvegi 18, er gerð skaðabótakrafa að fjárhæð kr. 9.310.048, sbr. dskj. nr. 8.

Ákærða kom fyrir sakadóm Ólafsfjarðar 20. apríl 1979. Kvaðst hún þá aðspurð ekki viðurkenna að hafa valdið bruna í bílskúr við Hlíðarveg 18 aðfaranótt 2. mars sl.

Aðspurð kveðst ákærða ekki geta gefið aðra skýringu á því, hvers vegna hún hljóp niður fyrir bílskúrinn, eftir að hún sá, að kviknað var í honum, aðra en þá, að hún hafi verið undir áhrifum áfengis og verið hrædd.

Af hálfu ákærðu er því haldið fram í málinu, að hún hafi ítrekað neitað að hafa lagt eld í umræddan bílskúr og að engar sannanir liggi fyrir um sekt hennar.

Varðandi ágreining, sem virðist hafa ríkt á milli íbúa húseignanna nr. 16 og nr. 18 við Hlíðarveg í Ólafsfirði, er því hald-

ið fram af hálfu ákærðu, að hann hafi hvorki verið langvarandi né djúpstæður, heldur hafi hann spröttið upp, eftir að íbúar í húsinu nr. 18 töldu fullvíst, að ákærða hefði kveikt í umræddum bílskúr.

Af hálfu ákærðu er því mótmælt, að peysa sú, sem fannst í plastpoka við hús hennar eftir brunann og var vætt í einhverjum vökva, geti verið neitt sönnunargagn. Ef ákærða hefði ætlað að kveikja í bílskúrnum og nota peysuna í þeim tilgangi, þá hefði peysan átt að brenna inni í bílskúrnum.

Varðandi brúsa þá, sem fundust á heimili ákærðu og innihéldu eldfima vökva, þá séu slíkir brúsar til á allflestum heimilum landsins og tilvist þeirra á heimili ákærðu sé engin sönnun fyrir sekt hennar.

Spor ákærðu að bílskúrnum og síðan að húsi nr. 18 eru af hálfu ákærðu talin skýrð á fullnægjandi hátt. Hún hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar bruninn átti sér stað, og því hafi ekkert verið óeðlilegt, að hún færi að skúrnum til að athuga, hvað um væri að vera. Þegar ákærða kom að skúrnum, hafi hún séð, að hann var að brenna. Það séu eðlileg viðbrögð hennar að fara heim aftur og reyna að vekja eiginmann sinn, en þar sem það tókst ekki, brást hún við á réttan hátt og fer að húsi eiganda skúrsins til að láta vita um eldinn. Ef ákærða hefði ætlað að valda nágranna sínum tjóni með því að kveikja í bílskúr hans, þá hefðu það verið mjög óeðlileg viðbrögð af hennar hálfu að gera honum aðvart um eldinn.

Þá er bent á það af hálfu ákærðu, að á ljósmyndum, sem teknar hafa verið af vettvangi, sjáist margar slóðir fótspora, en rannsókn málsins virðist aðeins hafa beinst að fótsporum ákærðu, en ekki fótsporum annarra. Ekkert í rannsókn málsins segi til um fjölda fótspora eða að þau hafi verið könnuð.

Þá er á það bent, að samkvæmt sakavottorði hafi ákærða aldrei gerst brotleg við eitt eða neitt og sé því erfitt að ætla henni slíkan verknað. Þá er á það bent, að í hófi, sem ákærða hélt 10. nóvember sl., urðu umræður um bruna bílskúrsins og hafi Gunnþór Árnason, Sigurlaugur Ágústsson og Sigríður Jónsdóttir gefið skýrslur um þær umræður, en ekkert í umræðunum hafi bent til þess, að ákærða hafi verið völd að bruna bílskúrsins, frekar hið gagnstæða.

Verjandi ákærðu heldur fram, að jafnvel þótt svo verði talið, að líkur séu til, að ákærða hafi verið völd að bruna bílskúrsins, þá telji hann allt að einu, að sýkna beri skjólstæðing sinn með

vísun til 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, en samkvæmt þeirri grein hvíli sönnunarbyrði um sekt sökunnauts á ákærvaldinu. Í þessu máli hafi sekt skjólstæðings hans alls ekki verið sönnuð og beri því að sýkna hana af öllum kröfum ákærvaldsins. Vísar verjandinn í þessu sambandi í dóm Hæstaréttar Íslands í XLII bindi, bls. 217.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að ýmsar líkur eru til þess, að ákærða hafi valdið bruna bílskúrsins við hús nr. 18 við Hlíðarveg aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979. Henni hafði verið misboðið með ummælum eiganda bílskúrsins, er hún vildi friðmælast við hann kvöldið fyrir brunann. Hún sá úr stofuglugga sínum, að eigin sögn, að eldtungur stóðu upp úr þaki skúrsins, sem þá hafi verið að verða alelda. Þá fer hún í yfirhöfn og kuldaskó og hleypur að skúrnum og vestur fyrir hann, þannig að för eftir hana liggja nánast að þeim stað á skúrnum, þar sem sennilegast er talið, að eldsupptökin hafi verið. Í fyrstu taldi hún sig vera vissu um, að hún hefði aðeins komið að norðausturhorni skúrsins. Skýring ákærðu á því, hvers vegna hún hleypur að skúrnum, verður að teljast óeðlileg, þar sem ótti eða skelfing dregur fólk venjulega ekki að hættum.

Ákærða var undir talsverðum áfengisáhrifum og var búin að drekka dögum saman með eiginmanni sínum, og með hliðsjón af álitu geðlæknis á ástandi og aðstæðum hennar verður að telja, að líkur séu meiri fyrir því, að ákærða hafi valdið brunanum.

Ákærða hefur margítrekað neitað því að vera völd að brunanum, og engin vitni eru að verknaðinum.

Eiginmaður ákærðu sofnaði í stól í stofunni, að hennar sögn, skömmu eftir að séra Úlfar Guðmundsson fór frá þeim. Þá taldi hann sig ekki hafa verið mikið undir áhrifum áfengis. Eiginmaðurinn sást síðan í stofuglugga af 2 vitnum, á meðan á slökkvistarfi stóð, og einnig sást ákærða í glugganum. Eiginmaður ákærðu kvaðst þó ekki hafa vaknað, fyrr en skömmu áður en lögreglumenn komu og fóru með konu hans, eða kl. 1000 um morguninn. Bar hann annars fyrir sig minnisleysi sökum ölvunar.

Framburðir þeirra hjóna eru óljósir og reikulir um margt, sem getur stafað af ölvun þeirra. Skóskipti ákærðu, er hún kom frá brennandi skúrnum og heim til sín, verður að telja tortryggileg við þessar aðstæður. Þá fór hún ekki, strax og hún varð eldsins vör, beint að húsi eigenda skúrsins að Hlíðarvegi 18 til að láta þá vita, sem virðist liggja beinast við.

Af þessu verður að telja, að allsterkar líkur bendi til þess, að

ákærða hafi valdið brunanum, þó verður þeim ekki jafnað til fullrar sönnunar um, að ákærða hafi með íkveikju valdið brunanum. Verður því vegna skorts á sönnunum að sýkna ákærðu af því að hafa valdið bruna í bílskúrnum að Hlíðarvegi 18 aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979.

Með sömu röksemd er hún sýknuð af skaðabótakröfu frá Guðna Aðalsteinssyni.

Hæfileg málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Gunnars Sólness hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr. 200.000 úr ríkissjóði.

Barði Þórhallsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærða, Inga Eyfjörð Sigurðardóttir, er sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Ákærða er sýknuð af skaðabótakröfu Guðna Aðalsteinssonar.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Gunnars Sólness hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr. 200.000 úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. október 1981.

Nr. 161/1979. Alexander Sigurðsson

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands

(Stefán Pétursson hrl.).

Gildi veðsetningar. Forsendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Afrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1979. Hann krefst þess aðallega, að dæmd verði